



## 5. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2023 – 24 haldinn föstudaginn 12. apríl 2024 kl. 11:45.

**Mætt voru:** Kristinn Þorsteinsson, skólameistari; Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður; Davíð Freyr Jónsson, Frosti Logason, Inga Amal Hasan og Sara Dögg Svanhildardóttir, fulltrúar úr skólanefnd FG; Elísabet Rós Birgisdóttir, fulltrúi foreldraráðs, Guðrún Fjóla Ólafsdóttir fulltrúi nemenda, Harpa Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara og Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari.

Fundargögn:

- Staða fjármála eftir mars 2024
- Drög að ársreikningi 2023
- [Slóð á frumvarp til laga um inngildandi menntun](#)
- Yfirlit yfir innritun 2008-2023

Dagskrá fundar:

1. Kosning formanns skólanefndar (þessu var frestað á síðasta fundi)  
Áslaug og Sara Dögg kosnar formaður og varaformaður skólanefndar út næsta skólaár  
Áslaug segir frá að mennta- og barnamálaráðuneytið hafi kallað formenn skólanefndar til fundar rétt fyrir páska. Því miður hafi hún ekki getað sótt fundinn og hefur ekki upplýsingar um efni hans.
2. Fjármál skólans  
Veikindi starfsfólks hafa nokkuð neikvæð áhrif á fjárhag skólans. En þau eru þó innan marka.
3. Umfjöllun um frumvarp til laga um inngildandi menntun  
Sara Dögg sem var ein að þeim sem var í starfshóp sem vann að frumvarpinu segir frá vinnu við gerð frumvarps um inngildandi menntun. Frumvarpið er nú til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Í frumvarpinu er kveðið á um rétt barna, ungmenna og foreldra til að óska eftir því að þörfum barns og ungmennis sé mætt og í hvaða farveg beina skal slíkum beiðnum. Meginstefið er að ganga eigi út frá einstaklingnum eins og hann er og veita þá þjónustu sem þarf. Það sem snýr að framhaldsskólanum er endurhugsun á starfsbrautum. Eins og annað er þetta háð fjármögnun. Einnig er í frumvarpinu fjallað um að ný Miðstöð menntunar og skólaþjónustu eigi að styðja við starfsþróun, skólaþróun og ferli stöðugra umbóta í skólum og veita ráðgjöf og leiðsögn í málefnum barna og ungmenna sem eru í viðkvæmri stöðu í skólakerfinu.
4. Innritun 2024  
Skólinn tekur inn 200 nýnema í haust. Óvenjumargir nemendur eru að útskrifast eða um 130 talsins. Ópið hús var þann 9. apríl og tókst mjög vel. Mikill áhugi virðist vera á skólavist í skólanum og var „Opna húsið“ fjölsótt.
5. Félagslíf nemenda  
Allt ljómandi að fréttu úr félagslífinu. Nefndarvika verður haldin í næstu viku en þá sér hver nefnd skólans um uppákomur einn dag. Vikunni er svo fylgt eftir með kosningum og verður haldin vorhátíð í kjölfarið sem ný og gömul stjórn nemendafélagsins hjálpast að við að halda. Árshátíðin gekk mjög vel, bæði matur og ball.
6. Önnur mál
  - Skólinn verður 40 ára í ár. Imbrudagarnir voru tileinkaðir FG í 40 ár og margir fyrrverandi nemendur skólans sóttu hann heim og sögðu frá störfum sínum.
  - Foreldrafélagið var með fræðslukvöld fyrir foreldra um stafrænt ofbeldi í mars sem var mjög vel sótt um og stóð sömuleiðis fyrir fræðslu um samskipti milli kynslóða fyrir nemendur í byrjun apríl.
  - Næsti fundur verður haldinn í byrjun júní.

Fundi slitið kl. 13:00

Fundarritari: Anna María Gunnarsdóttir